



Samgönguáætlun SASS 2019 - 2029

Unnin fyrir stjórn SASS

af

Samgöngunefnd SASS 2019



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Efnisyfirlit

Forgangsverkefni í samgöngumálum á Suðurlandi 2019-2029.....	2
Greinargerð með forgangsgröðun samgönguverkefna	3
Samantekt - Fylgiskjöl.....	5
a) Áherslur Ungmennaráðs SASS	5
b) Lögregla og viðbragðsaðilar	6
c) Áfangastaðaáætlun og Jafnvægisás ferðamála	6
d) Nýr veruleiki í mótun?	7
e) Almenningsamgöngur á Suðurlandi - strætó, ferjur og flug	8
➤ Fólksflutningar á landi - Strætó.....	8
➤ Almenningsamgöngur með ferjum	9
➤ Almenningsamgöngur með flugi.....	9
f) Samantekt á svörum sveitarfélaga við spurningum samgöngunefndar 2019	10
1. Hver eru þrjú helstu forgangsverkefni í nýframkvæmdum er varða samgöngur í sveitarfélaginu ykkar?	10
2. Hver eru þrjú helstu forgangsverkefni í rekstri og viðhaldi samgöngumannvirkja í sveitarfélaginu ykkar?	13
3. Ef horft er á Suðurland sem heild, hvaða þrjár samgönguframkvæmdir myndi sveitarsjórn ykkar setja fremst á blað, aðrar en í ykkar sveitarfélagi?	16
4. Hver er afstaða sveitarstjórnar er varða áætlanir ríkisstjórnar um veggjöld?	19
5. Hvaða sýn hefur sveitarstjórn á fyrirkomulag almenningsamgangna á Suðurlandi?	21
6. Annað sem sveitarstjórn vill koma á framfæri við samgöngunefnd SASS?	23
g) Vegagerðin – fyrirhugaðar nýframkvæmdir og viðhaldsáætlun	24
h) Umræða um veggjöld	34
i) Uppfærð samgönguáætlun SASS frá 2017.....	34
Heimildir.....	46

Forgangsverkefni í samgöngumálum á Suðurlandi 2019-2029

Í samgöngumálum eru þessi 11 forgangsverkefni helst. Allir áherslupunktarnir eru jafn mikilvægir.

1. **Í forgangi er að tryggja öryggi vegfarenda á Suðurlandi.** Ferðafólk sem og íbúar upplifa sig ekki örugga á þjóðvegnum¹; enda er umferðarþunginn mikill allt árið um kring².
2. Vegir eru víða þröngir og vegaxlir lélegar eða ekki fyrir hendi. Þetta á sérstaklega við á þjóðvegi 1, frá Markarfljóti og austur í Skaftafellssýslur, sömuleiðis á mörgum stofnvegum í Uppsveitum. Þessa vegi þarf að breikka og styrkja vegaxlir. Gera þarf ráð fyrir hjólríðafólki og gangandi umferð. Setja þarf rifflur á miðju vega þar sem pláss er. Sömuleiðis setja vegrið þar sem bratt er niður af vegi og veghelgunarsvæðin lítil. Þetta á sérstaklega við um veginn í Eldhrauni og á Síðu, í Örafum, undir Eyjafjöllum og í Mýrdal.
3. Einbreiðar brýr í Suðurkjördæmi á þjóðvegi 1 eru 21 talsins. Þeim verður að útrýma.
4. Setja þarf útskot, afreinar og aðreinar á hættulega staði þar sem umferðarþungi og hröð umferð mæta heimreiðum og tengivegum.
5. Efla þarf löggæslu. Það er óumdeilt að sýnileg löggæsla og öflugt umferðareftirlit heldur niðri umferðarhraða og spornar við ofsaakstri sem oftast er ekki orsök alvarlegustu umferðarslysanna. Einkum þarf að efla löggæslu á miðsvæði, í Vík, á Klaustri og í Örafum. Einnig þarf að styrkja almannavarnir og störf annarra viðbragðsaðila.
6. Stórar nýframkvæmdir sbr. Ölfusárbrú, vegur yfir Hornafjörð og göng gegnum Reynisfjall eru framkvæmdir sem fara verður í strax. Þessar nýframkvæmdir mætti hugsanlega fjármagna með hóflegum veggjöldum að hluta eða öllu leyti. Útfæra þarf aðkomu ríkisins, hvort framkvæmdir verði að fullu greiddar með veggjöldum eða að hluta frá ríkissjóði.
7. Stofnvegir og tengivegir sem enn eru ekki lagðir bundnu slitlagi þurfa að fá aukið fjármagn til uppbyggingar og viðhalds. Malarvegir í byggð á starfssvæði SASS eru samtals 452,35 km, tengivegir þ.a. 414,35 km. Miðað við óbreytt fjármagn, samkvæmt gildandi vegaáætlun, tekur a.m.k. 75 ár að ljúka við að leggja bundið slitlag á þá. Löngu tímabært er að gert verði sérstakt átak í lagfæringu malarvega svo leggja megi þá bundu slitlagi á næstu 10 árum. Þetta á við t.d. vegi í Flóa, Uppsveitum Árnessýslu og Rangárvallasýslu.
8. Tryggja þarf með öflugum dýpkunaraðgerðum að Landeyjarhöfn sé haldið opinni árið um kring. Sama gildir um Þorlákshöfn, grynnslin við ós Hornafjarðar og Hornafjarðarhöfn.

¹ Nýr veruleiki í mótun? Áfangastaðaáætlun Suðurlands (DMP), Samatekt samgöngunefndar SASS, Gögn frá Lögreglunni á Suðurlandi, Jafnvægisás ferðamála. Allar þessar skýrslur er að finna í fylgigögnum á heimasíðu www.sass.is og í samantekt.

² Gögn frá Vegagerðinni - maí 2019

9. Sveitarfélög á Suðurlandi eiga að vera brautryðjendur í grænum samgöngum á Íslandi, líkt og gert var með rafvæðingu Herjólfss. Efla þarf almenningssamgöngur. Lagt er til að nýsköpunarteymi almenningssamgangna verði sett á laggirnar.
10. Flugsamgöngur þarf að tryggja áfram til Hornafjarðar og Vestmannaeyja með opinberum stuðningi. Þær eru mikilvægar almenningssamgöngur og tryggja aðgengi íbúa að öruggri heilbrigðisþjónustu og sérfræðiþjónustu sem ekki fæst heima fyrir og þarf um langan veg að sækja.
11. Ungmennaráð Suðurlands leggur fram aðrar áherslur í samgöngumálum á Suðurlandi sem fylgja sem fylgiskjal í Samantekt Samgöngunefndar SASS (a).

Greinargerð með forgangsöröðun samgönguverkefna

Í þessari stuttu skýrslu eru tekin saman þau verkefni sem Sunnlendingar leggja þunga áherslu á að unnin verði í samgöngumálum 2019 - 2029. Sveitarfélögin á Suðurlandi telja afar brýnt að fjármagni verði veitt í þessi verkefni þannig að þau komi til framkvæmda á næstu 10 árum. Flest, ef ekki öll verkefnin þola ekki bið. Öll verkefnin snúa að öryggi og velferð íbúa og þeirra fjölmörgu gesta sem sækja Suðurland heim á hverjum degi, alla daga ársins.

Tilgangurinn með skýrslunni er að marka stefnu fyrir Suðurland í samgöngumálum, gera grein fyrir helstu áætlunum og setja fram tillögur að forgangsöröðun verkefna. Samgöngur sem fjallað verður um í þessari skýrslu er ætlað að ná yfir vegamál, hafnarmál, almenningssamgöngur, flugvelli og fjarskiptamál á Suðurlandi.

Það er sýn skýrsluhöfunda að skýrslan muni nýtast til að tryggja enn frekar að stjórnvöld ráðist í nauðsynlegar framkvæmdir í samgöngu- og fjarskiptumálum á Suðurlandi, íbúum og öllum vegfarendum til hagsbóta.

Nefndin var skipuð af stjórn SASS í ársbyrjun 2019. Í nefndinni sátu; Valgerður Sævarsdóttir Bláskógabyggð, Drífa Bjarnadóttir Mýrdalshreppi, Þórunn Ösp Jónasdóttir fulltrúi Ungmennaráðs Suðurlands, Ari B. Thorarensen Sveitarfélaginu Árborg, Engilbert Olgeirsson Rangárþingi ytra, Njáll Ragnarsson Vestmanneyjabæ og Sæmundur Helgason Sveitarfélaginu Hornafirði sem var formaður nefndarinnar. Starfsmaður nefndarinnar var Alda Alfreðsdóttir SASS.

Nefndin hélt sex fundi og kallaði eftir upplýsingum frá öllum sveitarfélögum á Suðurlandi um helstu forgangsverkefni hvers sveitarfélags í samgöngumálum 2019-2029 (f. Spurningar og svör). Nefndin kallaði til sín góða gesti sem veittu ráðgjöf og komu fram með sjónarhorn sem reyndust mjög gagnleg. Gestirnir voru aðilar frá Vegagerðinni (g. Vegagerðin – fyrirhugaðar nýframkvæmdir og viðhaldsáætlun), Markaðsstofu Suðurlands (c. Áfangastaðaáætlun og

Jafnvægisás ferðamála), lögreglunni á Suðurlandi (b. Lögregla og viðbragðsaðilar) og þingmenn Suðurlands. Einnig tók nefndin þátt í opnum fundi um samgöngumál sem sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hélt í Árnesi í lok júní 2019. Þar kom m.a. fram að mikilvægt fyrsta skref fyrir hvert sveitarfélag á Suðurlandi er að vinna skipulagsvinnu fyrirhugaðra framkvæmda. Nefndin skoðaði helstu rannsóknir og áætlanir sem komið hafa fram síðustu misseri og gögnuðust vinnunni að koma fram með forgangsröðun verkefna. Nánar verður fjallað um þessar rannsóknir og áætlanir hér neðar.

Verklag nefndarinnar var í byrjun að kalla eftir helstu áhersluatriðum frá hverju sveitarfélagi varðandi samgöngumál (f.). Þeir sérfræðingar og hópar sem komu til nefndarinnar á seinni stigum fengu að bregðast við svörum sveitarstjórnanna. Þetta sést m.a. vel í svörum Vegagerðarinnar (g.) þar sem þau verkefni sem eru á áætlun næstu 15 ár eru tilgreind og kostnaðarmetin.

Nefndin ræddi um að hægt væri að kalla fram forgangsröðun verkefna með aðferð sem kallast félagshagfræðileg greining. Aðferðin gengur út á að leggja á vogarskálarnar marga þætti, sbr. kostnað við framkvæmd, slys, umferðarpunga, fólksfjölda o.fl. Þessari umræðu er vísað til stjórnar og aðalfundar SASS 2019 til að taka ákvörðun um hvort skoða eigi betur. Fyrirséð er að sérfræðinga þarf til að vinna þannig vinnu. En samgöngunefnd mælir með að félagshagfræðileg greining sem kallar fram forgangsröðun á samgöngumannvirkjum verði framkvæmd.

Samgönguáætlun SASS 2017 – 2026 var samþykkt á ársþingi SASS á Selfossi í október 2017 (sjá fylgiskjal i). Ári seinna, á ársþingi SASS 2018 sem haldið var í Hveragerði, ályktaði ársfundur að ámsgömul áætlunin þarfnaðist endurskoðunar. Það er til merkis um að margt hefur verið gert og sér þess víða merki. Krafan um forgangsröðun verkefna er gríðarlega mikilvæg og nefndin setur hana fremst í þetta skjal.

Samantekt - Fylgiskjöl

a) Áherslur Ungmennaráðs SASS

Tillögur Ungmennaráðs Suðurlands til Samgönguáætlunar SASS 2019

Ungmennaráð Suðurlands sér framtíðina ekki fyrir sér yfirhöfuð ef forgangsöröðun samgöngumála lenda í sama farveg og undanfarin ár. Taka þarf hressilega í taumana varðandi loftslagsmál ef heimsmenningin skal lifa lengur en 31 ár til viðbótar. Samgöngur spila stóran þátt í mengun jarðar. SASS má vel vera brautryðjandi í grænum samgöngum á Íslandi.

Nýsköpunarteymi almenningssamgangna skal sett á laggirnar. Nýsköpun á almenningssamgöngum virðist ekki hafa fengið að líta dagsins ljós á Suðurlandi en það er fyrir löngu orðið tímabært að hugsa út fyrir kassann í þeim efnum.

Almenningssamgöngur eiga að vera ákjósanlegri en einkabíllinn, sú er ekki raunin. Margt er hægt að bæta miðað við núverandi almenningssamgöngur á Suðurlandi en mikill kostnaður, léleg þjónusta og óáreiðanleiki einkennir þær, ásamt lélegri markaðssetningu. Nýsköpunarteymi skyldi finna lausn á þeim vanda.

Strætisvögnum skal haldið gangandi þrátt fyrir tap í rekstri síðastliðin ár. Strætó er umhverfisvænasti ferðamátinn sem völ er á þessa stundina hér á landi. Samkvæmt skýrslum *Strætó.is* blæs strætisvagn sem knúinn er með dísilolíu út 225 gr. af koltvísýringi fyrir hvern ekinn kílómeter. Á móti losar vinsæli jeppinn *Toyota Land Cruiser* frá sér 248 gr. koltvísýrings fyrir hvern ekinn kílómeter og fólkubíllinn *Volkswagen Polo* 138 gr./km samkvæmt vefsíðu *Europe's energy portal*.

Strætó er öruggur ferðamáti. Því fleiri ökutæki á götunni, því hættulegri er umferðin. Því fleiri sem taka strætó því færri ökutæki eru á veginum. Strætóbílstýrur og -stjórar eru reynt ökufólk og er betur í stakk búið en annað ökufolk ef upp kemur vandamál. Peningum sem varið er í umhverfisvernd er aldrei tapaður peningur. Ef jörðin deyr eftir þrjátíu ár þá deyr peningurinn hvort eð er með.

Bílastæðagjöld og vegatollar skulu tekin upp. Bílastæðagjöld og vegatollar eru umhverfisvænn kostur en gjöldin auka notkun á almenningssamgöngum sem og minnka óþarfa ferðir fólks um göturnar. Gjöldin eru sanngjörn. Fólk sem notar bílastæðin og vegina borgar fyrir bílastæðin og vegina. Strætisvagnar og rafmagnsbílar yrðu ekki skyld til að borga slík gjöld.

Ungmennaráðið telur malbikun á malarvegum til sveita mega sitja á hakanum. Árið 2030 verður aldrei hægt að endurheimta hið heilbrigða form jarðarinnar, svo lengi sem mannskepnan heldur áfram að koma fram við jörðina eins og hún gerir í dag. Lítið vit er í nágildandi samgönguáætlun

Vegagerðarinnar þar sem hún gildir til ársins 2033. Óljóst er hvaða vegi eigi þá að malbika, fyrir hvern, og hvers vegna.

b) Lögregla og viðbragðsaðilar

Á fund samgöngunefndar SASS komu fulltrúar Lögreglunar á Suðurlandi. Þau lögðu fram tölfraðigögn sem sýndu fram á að aukið fjármagn, sem hefur eflt sýnilega löggæslu 2018, hefur haft umtalsverð áhrif á umferðarhraða og fækkað alvarlegum slysum. Var það sameiginlegt álit nefndarmanna og gesta að miðað við aðstæður sem ríkja varðandi framkvæmdir og viðhald vegakerfisins, þá mun aukin löggæsla, fræðsla og virkara eftirlit með vegfarendum hafa jákvæð fyrirbyggjandi áhrif þar á.

Á stórum svæðum á Suðurlandi, tíðkast það að lögreglumenn starfa einir á vakt, keyra einir á bílum, koma iðulega einir að erfiðum slysaströðum með tilheyrandi álagi sem því fylgir. Þessu þarf að breyta. Auka þarf fjárframlög til lögreglunnar til að tryggja að svokallaðir einmennigsbílar heyri sögunni til. Sérstaklega þarf að styrkja austari hluta embættisins, Vík, Klaustur og Höfn. Huga þarf að aðstöðuuppbyggingu í Örafum.

Fulltrúar lögreglunnar lýstu sérstökum áhyggjum af því að sífellt erfiðara er að manna stöður hjá mörgum viðbragðsaðilum. Almannaþinginn á Suðurlandi byggja á samstarfi við ýmis félagasamtök, sem mönnum eru af sjálfbærliðum að stærstum hluta. Bent var á breytta samfélagshegðun. Sífellt erfiðara er að fá fólk í félög og stjórnir, sjálfbærliðum fækkar. Því er ályktunin augljós að efla þarf launuð störf viðbragðsaðila.

Ályktun samgöngunefndar er sú að með því að efla stórlega störf viðbragðsaðila og löggæslu megi spara samfélaginu miklar fjárhæðir. Hvert mannslíf er ómetanlegt en þegar kemur að því að meta kostnað samfélagsins af slysum og afleiðingum þeirra þá er einsýnt að hver króna sem sett er í aukna þjónustu sparar stórfelldar fjárhæðir.

c) Áfangastaðaaætlun og Jafnvægisás ferðamála

Á fund samgöngunefndar komu fulltrúar frá Markaðsstofu Suðurlands, þær Laufey Guðmundsdóttir og Anna Valgerður Sigurðardóttir og fóru yfir Áfangastaðaaætlun Suðurlands (DMP)³ Þar var einkum rætt um forgangsstöðun verkefna og aðferðina við að ná því fram og hvernig samgöngunefnd SASS geti nýtt sér þá vinnu. Vísað var í vinnu við svokallaðan Jafnvægisás ferðamála. Þar liggja bráðabirgðaniðurstöður nú fyrir og má sjá þau gögn á Samráðsgátt stjórnvalda⁴.

Þar kemur fram að ef ferðaþjónustan heldur áfram að aukast þá springa öll núverandi viðmið varðandi vegi og samgöngumannvirki, bara mis fljótlega. Það er bara tímaspursmál hvenær samgöngukerfið springur. Þetta ekki spurning um hvort, heldur hvenær. Í núverandi viðmiði er

³ <https://www.south.is/static/files/DMP/afangastadaaaetlun-dmp-sudurland-12.11.2018.pdf>.

⁴ [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1404](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1404)

gert ráð fyrir 2% og 5% aukningu ferðamanna. Sumsstaðar á Suðurlandi er kerfið nú þegar sprungið. Yfir höfuð er viðmiðið að nálgast þolmörk og við lægri mörk aukningar ferðamanna fer vegakerfið allt yfir þolmörkin. Vegir eru of mjóir, einbreiðar brýr eru of margar, slitlag er of lélegt. Vetrar- og sumarþjónusta virðist vera að mestu í lagi.

Kolefnisspor umferðarinnar er allt of mikið,- hvernig er best að huga að því? Setja meiri kraft í almenningssamgöngur og auka niðurgreiðslu til þeirra svo um munar, svo almenningur sjái sér fært að nýta þær.

Á Jafnvægisásknum er „umferðarljósa“ útskýringin, rautt, gult grænt, og er mjög fín leið til að setja fram sjónrænt hversu mikið þarf að hugsa um hvern flokk. Ástand á náttúrulegum stöðum mun einnig fara yfir á rautt, ef ekkert verður að gert. Spurning um að fjölga stórum útskotum/bílastæðum hjá áhugaverðum stöðum við þjóðveginn til að dreifa þunganum og merkja þau vel með góðum fyrirvara. Á þetta hefur margoft verið bent, m.a. hefur Vegagerðin gefið út skýrslu eða úttekt þar sem skipulögð voru ferðamannaútskot við þjóðveginn á Suðurlandi.

Í Áfangastaðaaætlun Suðurlands kemur fram að talinn er mikill skortur á almenningssamgöngum bæði á milli staða og innan svæða. Alla samræmingu vantar þannig að hægt sé að tryggja sér far frá A til B með hinum ýmsu almenningssamgöngum og því taki erlendir ferðamenn frekar bílaleigubíla en að nota almenningssamgöngur, sem aftur eykur mikið álag á lélegu vegakerfi landsins.

d) Nýr veruleiki í mótun?

Í skýrslunni *Nýr veruleiki í mótun?* sem Þorvarður Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir hjá Rannsóknasetri HÍ á Hornafirði Höfn sendu frá sér í júní 2019 er fjallað um rannsókn á Félagslegum þolmörkum íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu⁵. Þessi skýrsla var eitt af áhersluverkefnum sem unnið hefur verið fyrir SASS og sveitarfélögin á Suðurlandi. Markmiðið með verkefninu var að afla upplýsinga um viðhorf íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðaþjónustu og greina þannig þolmörk íbúa gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu út frá hinum ýmsu þáttum í innviðum samfélagsins. Markmiðið með að afla þeirra upplýsinga er til stöðumats og forsenda til ákvarðanatöku til að bregðast við ef þurfa þykir.

Í vegamálum hafa Sunnlendingar miklar áhyggjur af slæmu ástandi vegakerfisins á Suðurlandi, samhliða breytti umferð á vegum. 84% Sunnlendinga upplifa neikvæð áhrif aukinnar umferðar samhliða aukningu ferðamanna undanfarin ár. Þetta gildir um alla Sunnlendinga hvar sem þeir eru, á öllum svæðum. 70% kvitta uppá fullyrðinguna „Ég er hræddari en áður við að

⁵ http://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2019/06/SASS_NyrVeruleiki_Lokaskýrsla.pdf?fbclid=IwAR1uJVqY5E86vpoBT7IZTWkSs-u5fZvkMBu48wRoRAy9qnteoDVnw4nudTY

keyra úti á þjóðvegum á Suðurlandi vegna aukinnar umferðar ferðamanna”. Þegar Norðlendingar, Vestlendingar eða Austfirðingar eru spurðir að þessu sama þá eru þeir hugrakkari, enda er umferðin þar ekki eins þung og vegirnir betri.

e) Almenningsamgöngur á Suðurlandi - strætó, ferjur og flug

Hér á eftir verður fjallað um almenningssamgöngur en til þeirra teljast reglubundnir fólksflutningar á landi, áætlunarflug innanlands og ferjusiglingar. Góðar almenningssamgöngur eru mikilvægar fyrir landsbyggðirnar en þær auka hreyfanleika og aðgengi íbúa að grunnþjónustu.

Líta verður á almenningssamgöngur á sjó, landi og lofti sem samofna heild þar sem styrkleikar mismunandi samgöngumáta nýtist við að ná fram hagkvæmustu og skilvirkustu þjónustu við almenning og atvinnulíf.

Almenningssamgöngur og hreyfing fótgangandi og á hjólum eru raunhæfir valkostir sem draga úr umhverfisáhrifum, samgöngukostnaði og bæta lýðheilsu ásamt því að draga úr orkuþörf samgangna. Varaðndi tvo síðar nefndu samgöngumátana verður þó að hafa í huga að þeir eru vart raunhæfir valkostir þegar ferðast er um langan veg í rýsjóttu tíðarfari.

Eitt af markmiðum í nýsamþykkttri samgönguáætlun 2019 – 2033 er að íbúar landsbyggðarinnar eigi kost á að komast til höfuðborgarsvæðisins á um 3,5 klst. samþættum ferðatíma, akandi, með ferju og/eða í flugi. Annað markmið stjórnvalda er að almenningssamgöngur verði umhverfislega sjálfbærar og að þær dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum.

Fólksflutningar á landi - Strætó

Til að ná megi fram framagreindum markmiðum er nauðsynlegt að ríkisvaldið standi áfram vörð um almenningssamgöngur í landinu og að stuðningi við uppbyggingu almenningssamgöngukerfis á landsvísi verði haldið áfram.

Landshlutasamtökin hafa undanfarin 8 ár skipulagt leiðarkerfið og má segja að núverandi kerfi sé heildstætt, samræmt og þjónustan hefur verið færð nær notendum en áður var þegar sérleyfishafar skipulögðu aksturinn.

Því miður hefur lagarammi verkefnisins verið illa skilgreindur og nægjanlegt fjármagn hefur ekki fengist til rekstrarins auk þess sem ríkið hefur bæði hækkað og hætt að endurgreiða olúgjaldið til samtakanna. Þar sem ríkinu hefur ekki tekist að gera lagaumhverfi um almenningssamgöngur skilvirkt og tryggt nauðsynlega fjármögnun hafa forsendur sveitarfélaganna á landsbyggðinni, þ.m.t. á Suðurlandi til að halda utan um þetta verkefni brostið.

Núverandi samningur við Vegagerðina rennur út í lok árs 2019 og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, sem ber ábyrgð á málaflokknum, hefur falið Vegagerðinni að sjá um reksturinn frá og með 1. janúar nk. Takist Vegagerðinni f.h. ríkisins ekki að standa vörð um almenningssamgöngur er viðbúið að markmið um að efla þennan samgöngumáta með viðeigandi grenndarstjórnsýslu, aukinni samhæfingu og samræmingu náist ekki.

Almenningssamgöngur eru liður í að efla greiðar, hagkvæmar og umhverfislega sjálfbærar samgöngur. Þær tryggja aðgengi að þjónustu, þ.m.t. nauðsynlegri opinberri þjónustu, auka hreyfanleika og áreiðanleika, styrkja og stækka vinnusóknarsvæði. Auk þess eru skilvirkar almenningssamgöngur liður í lífskjarasamning stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.

Tilgangur þess að efla almenningssamgöngur er að:

- fjölga valkostum í samgöngum og bæta hreyfanleika og aðgengi að þjónustu
- draga úr þörf fyrir dýrar, rýmisfrekar samgönguframkvæmdir
- draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum

Aldraðir, börn og ungmenni nýta sér almenningssamgöngur meira en aðrir hópar. Með hækkandi meðalaldri þjóðarinnar á komandi áratugum mun fólki með skerta hreyfigetu fjölga og því brýnna að huga að aðgengi fyrir alla við hönnun samgöngumannvirkja og samgöngutækja.

Almenningssamgöngur með ferjum

Það að ekki skuli vera hægt að nota höfnina í Landeyjahöfn allt árið um kring er hamlandi fyrir íbúa í Vestmannaeyjum sem þurfa að sækja mikilvæga þjónustu og afþreyingu til höfuðborgarinnar sem og fyrir þá sem eiga erindi eða vilja fara til eyja. Í gildandi áætlun, sem er eins allt árið, siglir Herjólfur 7 sinnum á dag á milli lands og eyja.

Almenningssamgöngur með flugi

Dýrt innanlandsflug er hamlandi fyrir íbúa á landsbyggðinni sem þurfa að sækja mikilvæga þjónustu og afþreyingu til höfuðborgarinnar sem og fyrir þá sem eiga erindi eða vilja sækja landsbyggðina heim. Landsbyggðin líður fyrir dýrt innanlandsflug þar sem verð á flugi gerir búsetu ósamkeppnishæfa um fólki og fyrirtæki. Sem dæmi um þetta þá kostar almennt fargjald 55.400 kr. (20.09.2019) að fljúga fram og til baka frá Hornafirði til Reykjavíkur.

Dýrt flug veldur því að fólk velur síður að setjast að á landsbyggðinni og flyst á brott eftir stutta dvöl. Auk þess eru minni líkur eru til þess að gestir, þ.m.t. ferðamenn nýti sér dýrar flugsamgöngur. Niðurgreiðsla á innanlandsflug skv. hinni svokölluðu skorsku leið á eftir að hjálpa heimamönnum

með niðurgreiðslu á nokkrum ferðum á ári. Hins vegar verður áfram dýrt fyrir aðra en heimamenn að nota þennan fararmáta.

Innanlandsflugvallakerfið er veigamikill hluti af almenningssamgöngukerfi landsins og samanstendur af öðrum flugvöllum og landingarstöðum ríkisins en Keflavíkurflugvelli. Grunnnet flugvalla tekur mið af flugvöllum með reglulegt áætlunarflug, bæði flugvöllum með áætlunarflug á markaðslegum forsendum og ríkisstyrktum áfangastöðum samkvæmt útboði sem búa við skertar samgöngur.

Framkvæmdir og viðhald í þessu flugvallakerfi eru fjármagnaðar úr ríkissjóði samkvæmt þjónustusamningi við samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið en í auknum mæli með notendagjöldum.

Áætlunarflug innanlands er mikilvægur hlekkur í almenningssamgöngum og tryggir aðgengi þeirra sem fjærst búa frá höfuðborgarsvæðinu að nauðsynlegri opinberri þjónustu, sérstaklega heilbrigðiskerfinu.

f) Samantekt á svörum sveitarfélaga við spurningum samgöngunefndar 2019

Eitt fyrsta verk Samgöngunefndar SASS var að kalla eftir helstu áhersluatriðum í samgöngumálum frá öllum sveitarfélögum á Suðurlandi í mars - apríl 2019. Hér á eftir birtast spurningarnar og svörin eins og þau komu frá hverri sveitarstjórn.

1. Hver eru þrjú helstu forgangsverkefni í nýframkvæmdum er varða samgöngur í sveitarfélaginu ykkar?

Ásahreppur:

1. Útskot verði sett upp við allar vegtengingar við Suðurlandsveg, þ.e. við; Þjórsártún, Krók, Hamrahól (Kálfholtssvegur), Borgarholt, Hárlaugsstæði, Áshól, Sumarliðabæ, Ásabrekku (skógrækt), Riddaragarð og Vetleifsholt. Hugað verði sérstaklega að útskotum fyrir almenningssamgöngur en það mikið umferðaröryggismál.
2. Lagfæringar á blindhæðum s.s. á milli Heiði og Herriðarhóls, milli Kálfholtss og Þjóðvegur 1, Ásmúla og Sauðholts. Athuga þarf sérstaklega vegakaflann á Þjóðvegi 1 (Suðurlandsvegi) frá Þjórsárbrú að Heiðarvegi.
3. Vegrið þar sem mikil hættu getur skapast. Þ.e. í brekku við Ásmundarstæði, brekkuna við Einholt / Einhamar, Kirkjubrekka á Kálfholtssvegi.

Bláskógabyggð:

1. Uppbygging efsta hluta Skeiða- og Hrunamannavegar (30) frá Brúarhlöðum að Biskupstungnabraut. Þessi vegur er afar mikilvægur ferðamannavegur en ástand hans er mjög bágborið. Brýnt er að unnið verði eftir framkominni samgönguáætlun þar sem gert er ráð fyrir framkvæmdum við veginn árið 2020.
2. Einholtsvegur (Eystri-Tunga) (358) Vegurinn um Eystri-Tungu er mikilvægur fyrir samgöngur innan sveitarfélagsins. Ástand þess vegar hefur verið mjög slæmt undanfarin ár og er brýnt að ráðast í endurbætur.
3. Færsla á Biskupstungnabraut suðurfyrir Geysi í samræmi við aðalskipulag. Umferð er afar þung á svæðinu við Geysi og einbreið brú á Tungufljóti annar engan vegin umferð um svæðið.

Flóahreppur:

1. Að lagt verði bundið slitlag á Hamarsveg.
2. Að lagt verði bundið slitlag á Súluholtsveg.
3. Að lagt verði bundið slitlag á Urriðafossveg frá Suðurlandsvegi að Villingaholti.

Grímsnes- og Grafningahreppur:

1. Færsla á gatnamótum við Kerið, áframhaldandi uppbygging bæði á Grafningsvegi efri og Búrfellsvegi.

Hrunamannahreppur:

1. Nýtt hringtorg í miðbæ Flúða.
2. Breikka Stóru-Laxárbrú.
3. Klára lagningu bundins slitlags á vegi í sveitararfélaginu svo sem á Langholtsveg og frá Flúðum að Hruna.

Hveragerðisbær:

1. Klára þarf framkvæmdir við breikkun Suðurlandsvegar milli Kamba og Biskupstungnabrautar.
2. Skilyrðislaust verður að setja í forgang færslu þjóðvegarins neðan Hveragerðisbæjar.

Mýrdalshreppur:

1. Láglandisvegur með göngum í gegnum Reynisfjall.
2. Ný tvöföld brú yfir Jökulsá.
3. Ný veglögn samhliða gerð nýs Kötlugarðs.

Rangárping eystra:

1. Að Suðurlandsvegur verði gerður að 2+2 með aðskildum akstursstefnum í gegnum allt sveitarfélagið með tilheyrandi tengivegum og bættum aðstæðum til að stöðva á vegum.
2. Tvöföldun á brúnni yfir Jökulsá á Sólheimasandi.
3. Bæta umferðarmannvirki á Hvolsvelli með öryggi vegfarenda að leiðarljósi.

Rangárping ytra:

1. Fyrsta forgangsverkefni er að klæða 80 km af malartengivegum með bundnu slitlagi innan sveitarfélagsins.
2. Í öðru lagi er mikilvæg hringtenging í gegnum Þykkvabæ um Sandhólaferjuveg.
3. Í þriðja lagi er heilsársferðamannavegur að Skjólkvíum við Heklu af Landvegi.

Greinargerð með svari 1: Það liggur fyrir skv. vegaúttekt sem sveitarfélagið hefur látið vinna að sérkenni á vegakerfi í Rangárþingi ytra er hlutfallslega mjög mikið af malarvegum en alls þarf að klæða um 80 km. Við viljum að Landvegurinn verði skilgreindur sem stofnvegur og malbikun þeirra 13.5 km sem þar eru eftir, fylgi fjárhagsramma stofnvega. Þá viljum við að lagt verði upp með að skipta klæðningu þeirra tengivega sem eftir eru upp í fjóra áfanga til næstu fjögurra ára. Um er að ræða Hagabraut(19,52 km), Rangárvallaveg (11,45 km), Þingskálveg (19,1 km) og síðan aðra styttri vegi þ.e. Árbæjarveg, Bjallaveg, Sumarliðabæjarveg og Bakkabæjaveg. Ekki er tekin afstaða til innbyrðis forgangsörðunar þessara fjögurra áfanga.

Skaftárhreppur:

1. Útrýma einbreiðum brúm í sveitarfélaginu.
2. Breikka þjóðveg nr 1 og laga vegaxlir og öryggissvæði veganna.
3. Fjölga stöðum þar sem ferðamenn geta stoppað bíla sína hættulaust og tekið myndir.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

1. Breikkun vegar frá Sandlækjarholti að Árnesi.
2. Lagning nýs vegar frá Ásum að Laxárdal.
3. Vegur að Búða og brúargerð yfir Þjórsá og aðkoma að Skeiðháholti.

Sveitarfélagið Árborg:

1. Hringtorg og undirgöng á Eyrarvegi við Suðurrhóla á Selfossi.
2. Ný brú yfir Ölfusá.
3. Umferðarmannvirki vegna þungaumferðar sunnan Selfoss (Tenging hringvegjar við Þorlákshöfn).

Sveitarfélagið Hornafjörður:

1. Vegstytting á þjóðvegi 1 (Lón 5 km, Hornafjörður 14 km, Öræfi 7 km).
2. Framkvæmdir við grynnslin í innsiglingunni við Hornafjarðarhöfn.
3. Útrýma einbreiðum brúm.

Sveitarfélagið Ölfus:

1. Uppbygging hafnarinnar í Þorlákshöfn getur gert mögulegt að þjónusta bæði farþega- og farmskip.
2. Tvöföldun Þrengslavegar og Þorlákshafnarvegar.
3. Nýtt vegstæði Arnarbælisvegar.

Vestmannaeyjabær:

1. Ný Vestmannaeyjaferja sem auðveldar til muna samgöngur milli lands og Eyja.
2. Stórskipahöfn til að þjónusta flutningaskip sem fara sífellt stækkandi og núverandi höfn er illa undir búin að þjónusta.

2. Hver eru þrjú helstu forgangsverkefni í rekstri og viðhaldi samgöngumannvirkja í sveitarfélaginu ykkar?

Ásahreppur:

1. Lagfæring á bundnu slitlagi í sveitarfélaginu. Viðhald orðið mjög ákallandi.
2. Setja bundið slitlag á Landveg (26) frá Tröllkonuhlaupi um Leirdal að gatnamótum þar sem vegur 32 (Þjórsárdalsvegur) mætir 26 (Landvegi) fyrir ofan Sultartanga.
3. Almennt viðhald á Sprengisandsleið.

Bláskógabyggð:

1. Áfram verði unnið að endurbótum á helstu stofnvegum innan sveitarfélagsins þar sem umferð er mjög mikil, bæði umferð ferðamanna og annarra. Slitlag er víða lélegt og sumir vegarkaflar liggja undir miklum skemmdum. Undir þetta falla t.d. Þingvallavegur um Mosfellsheiði, Laugarvatnsvegur, hlutar Biskupstungnabrautar, Grafningsvegur, Lyngdalsheiðarvegur og Skálholtsvegur.
2. Hugað verði að endurbótum á þeim einbreiðu brúm sem ekki verður skipt út fyrir tveggja akreina brýr á næstunni. Brýnt er að bæta merkingar og lækka hámarkshraða, t.d. á Hvítárbrú við Iðu.
3. Haldið verði áfram endurbótum á Kjalvegi.

Flóahreppur:

1. Nauðsylegt er að endurnýja slitlag á Gaulverjabæjarvegi að öðrum kosti þarf að lækka þar hámarkshraða í 70 km á klst.
2. Leggja áherslu á lýsingu á gatnamótum Suðurlandsvegar og mikilvægi þess að gera vasa/afreinar við gatnamót.
3. Auka þarf framlög til viðhalds malavega þar til þeir verða lagðir bundnu slitlagi ásamt því að endurnýja þarf slitlag á Suðurlandsvegi innan sveitarfélagamarkanna. Opna þarf hringtengingu og setja aftur á vegaskrá veg á milli Oddgeirshóla og Langholts.

Grímsnes- og Grafningahreppur:

1. Sveitarstjórn vill sjá meiri fjármuni fara í að byggja upp Biskupstungnabrautina vegna gríðarlega mikillar umferðar.
2. Einnig myndum við vilja sá fækkun vegtenginga inn á Biskupstungnabrautina.
3. Merkingar við og á vegum.

Hrunamannahreppur:

1. Endurnýjun slitlags/breikkun á Skeiða- og Hrunamannavegi frá Stóru-Laxá að Flúðum.
2. Endurbætur á Hrunavegi, Flúðir-Hruni-Kirkjuskarð.
3. Gerð göngubrúar á brú yfir Litlu-Laxá á Flúðum.

Hveragerðisbær:

1. Vanda skal til verka við malbikun á þjóðvegum þannig að viðgerðir endist betur en nú er Mýrdalshreppur:
 1. Merkingar við þjóðveg 1 verði bættar, í dreifbýli sveitarfélagsins en sérstaklega innan Víkur þar sem þjóðvegur 1 þverar þorpið til að auka öryggi vegfarenda.
 2. Vetarþjónusta verði bætt með tilliti til samsetningar umferðar. Ekki gengur lengur að horfa einungis til bílafjölda.
 3. Vegum að vinsælum ferðamannastöðum verði haldið vel við.

Rangárþing eystra:

1. Bæta þarf vegi án bundins slitlags í dreifbýli.
2. Bæta vetarþjónustu í dreifbýli.
3. Ráðast þarf í viðhald á Fljótshlíðarvegi.

Rangárþing ytra:

1. Í fyrsta lagi er aukið viðhald á heimreiðum innan sveitarfélagsins.

2. Í öðru lagi er viðhald hinna gríðarlega fjölförnu Fjallabaksleiða syðri og nyrðri.
3. Í þriðja lagi er lögð áhersla á viðhald og umferðaröryggi á Þjóðvegi 1 s.s. að- og fráreinar við fjölfarna tengivegi og hringtorg við Hellu.

Skaftárhreppur:

1. Laga kanta og vegaxlir vega í Skaftárhreppi.
2. Sinna nauðsynlegu viðhaldi vega í Skaftárhreppi.
3. Laga merkingar ásamt að- og fráreinum við stór gatnamót.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

1. Uppbygging -viðhald Vorsabæjarveggar og að Fjalli.
2. Lagfæring Stóra-Núpsveggar.

Sveitarfélagið Árborg:

1. Umferð gangandi og hjólandi um núverandi Ölfusárbrú verði bætt
2. Ástand Eyravegar er slæmt og aðkallandi að Vegagerðin fari í gagngerar endurbætur
3. Austurvegur á Selfossi þarfnast mikilla endurbóta.

Sveitarfélagið Hornafjörður:

1. Breikkun þjóðveggar á öllu Suðurlandi og því fylgir fækkun á einbreiðum brúm.
2. Viðhald hafnarmannvirkja og grynslanna.
3. Viðhald flugvallar og hann útbúinn sem millilandaflugvöllur fyrir minni vélar.

Sveitarfélagið Ölfus:

1. Endurbætur á höfninni í Þorlákshöfn til að mynda hvað varðar endurbætur á stálpili, dýpkun og fleira.
2. Uppbygginga nýrrar aðkomu að Reykjadal um Klambragil gegnum Ölkelduháls.
3. Endurbætur á Arnarbælisvegi.

Vestmannaeyjabær:

1. Þrátt fyrir að Landeyjahöfn tilheyri ekki sveitarfélaginu, lítur bæjarráð svo á að höfnin sé órjúfanlegur hluti af samgöngum við Vestmannaeyjar. Því telur bæjarráð eitt brýnasta verkefni í samgöngum í sveitarfélaginu að gera óháða úttekt á Landeyjahöfn með það að markmið að bæta höfnina. Mikilvægt er að ástand hafnarinnar sé ávallt á þá leið að þangað sé fært fyrir nýja Vestmannaeyjaferju.

2. Á undanförunum árum hafa flutningaskip farið stækkandi. Er búist við að sú þróun haldi áfram. Vestmannaeyjahöfn er ekki undir þessa þróun búin. Meðal forgangsverkefna á næstu árum er að endurbæta höfnina eða útbúa sérstaka stórskipahöfn sem getur þjónustað flutningaskip framtíðarinnar.
3. Rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf. á nýrri ferju er meðal forgangsverkefna sveitarfélagsins. Mikilvægt er að vel takist til við rekstur ferjunnar og þjónusta við almenning og fyrirtæki um samgöngur milli lands og Eyja stórauðist. Með tilkomu nýrrar ferju og nýs rekstraraðila eru bundnar vonir við að þetta forgangsverkefni nái fram að ganga.
4. Bæjarráð telur jafnframt að mikilvægt sé að koma á nýju undirlagi á flugvöllinn í Vestmannaeyjum til þess að tryggja öryggi og gæði flugbrautarinnar. Löngu er orðið tímabært að viðhalda flugbrautinni með þessum hætti og aðeins tímaspursmál hvenær hún verði ófær flugvélum.

3. Ef horft er á Suðurland sem heild, hvaða þrjár samgönguframkvæmdir myndi sveitarsjórn ykkar setja fremst á blað, aðrar en í ykkar sveitarfélagi?

Ásahreppur:

1. Tvöföldun Suðurlandsvegar.
2. Ný Ölfusárbrú.
3. Tvöfalda einbreiðar brýr.

Bláskógabyggð:

1. Lagfæringar á Biskupstungnabraut í Grímsnes- og Grafningshreppi, einkum vegarkafli við Kerið og í Þrastarskógi.
2. Tvöföldun Suðurlandsvegar milli Hveragerðis og Selfoss.
3. Tengingar við Bláskógabyggð liggja einnig um Vesturland og er lögð áhersla á endurbætur á Vesturlandsvegi um Mosfellsbæ og þann hluta Mosfellsheiðar sem liggur í Mosfellsbæ. Jafnframt að lokið verði við endurbætur og að hluta til færslu á vegi nr. 550 Kaldadalsleið, frá Þingvöllum að gatnamótum Uxahryggjaleiðar og endurbætur á Uxahryggjarleið (vegi 52).

Flóahreppur:

1. Suðurstandaveg frá Þorlákshöfn til Víkur í Mýrdal.
2. Uppbyggðan veg milli Norður- og Suðurlands um hálendið, Sprengisandur eða Kjalvegur.
3. Einbreiðar brýr verði allar tvöfaldaðar.

Grímsnes- og Grafningahreppur:

1. Sveitarstjórn setur nýja brú yfir Ölfusá sem fyrstu samgönguframkvæmd en meðan hún er ekki komin þá þarf að breytingu tengingu Biskupstungnabrautar við Suðurlandsveg.
2. Það þarf einnig að fækka einbreiðum brúm.
3. Halda áfram uppbyggingu á helstu stofnleiðum landshlutans.

Hrunamannahreppur:

1. Klára uppbyggingu og klæðningu á vegi nr 30 Skeiða- og Hrunamannavegi, þ.e. frá Brúarhlöðum að Biskupstungnabraut við Kjóastaði .
2. Ný brú yfir Ölfusá fyrir ofan Selfoss.
3. Tvöföldun Suðurlandsvegar frá Reykjavík að Hellu.

Hveragerðisbær:

1. Tvöföldun frá Vesturlandsvegi og upp að Sandskeiði.
2. Bundið slitlag á innansveitarvegi sýslunnar. Sjá þarf til þess að helstu ferðamannavegir geti annað þeirri umferð sem um þá fer.
3. Útrýma þarf einbreiðum brúm sérstaklega í Uppsveitum Árnessýslu (brúin yfir Tungufljót) og á Þjóðvegi nr. 1.

Mýrdalshreppur:

1. Ný brú yfir Hornarfjarðarfljót.
2. Markviss fækkun einbreiðra brúa á Suðurlandi.
3. Almennt viðhald verði aukið s.s. viðgerð vegaxla, yfirborðsmálum, skiltamerkingar og fjölgun útskota þar sem algengt er að bílar stöðvi.

Rangárping eystra:

1. Nýja brú yfir Ölfusá fram hjá Selfossi.
2. Breikkun Suðurlandsvegar 2+2 frá Nýrri Ölfusárbrú til Víkur í Mýrdal.
3. Tvöföldun (2+2) á Suðurlandsvegi frá Ölfusá að Vesturlandsvegi í Reykjavík.

Rangárping ytra:

1. Miðað við núverandi leið um Suðurland þá eru mikilvægast að fá nýja brú yfir Ölfusá.
2. Að lágmarki 2 plús 1 veg úr Reykjavík og austur.
3. Sú samgönguframkvæmd sem myndi hins vegar bylta samgöngum um Suðurland til langrar framtíðar væri að halda áfram með Suðurstrandarveg.

Skaftárhreppur:

1. Útrýma einbreiðum brúm á þjóðvegi nr 1.
2. Breikka þjóðveg nr 1.
3. Laga kanta, vegaxlir og öryggissvæði við þjóðveg nr 1.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

1. Ný Ölfusárbrú.
2. Flóavegur að Bitru.
3. Tvöföldun brúar á Stóru-Laxá?

Sveitarfélagið Árborg:

1. Tvöföldun Suðurlandsvegar verði hraðað sem kostur er.
2. Uppbygging og endurbætur á Þrengslavegi með breikkun vegar og bættri veglínu.
3. Uppbygging hafnarmannvirkja í Þorláksshöfn.

Sveitarfélagið Hornafjörður:

1. Útrýma einbreiðum brúm í V-Skaftafellssýslu og breikkun þjóðvegjar á öllu Suðurlandi.
2. Nýr vegur við Reynisfjall.
3. Ný brú yfir Ölfusá og þannig flytja veginn út fyrir Selfoss.

Sveitarfélagið Ölfus:

1. Tvöföldun Suðurlandsvegar vestur fyrir Selfoss.
2. Ný brú yfir Ölfusá.
3. Uppbygginga Kjalvegar sem heilsársvegar.

Vestmannaeyjabær:

1. Tvöföldun Suðurlandsvegar frá Hveragerði til Víkur í Mýrdal.
2. Eyða einbreiðum brúm á Suðurlandi, einkum og sér í lagi stórhættulega brú yfir Hornafjarðarfljót.
3. Endurbætur og breikkun Þrengslavegar og lýsing í Kömbunum.
4. Dýpkun Landeyjarhafnar.

4. Hver er afstaða sveitarstjórnar er varða áætlanir ríkisstjórnar um veggjöld?

Ásahreppur:

Hreppsnefnd Ásahrepps er ekki neikvæð gagnvart hugmyndinni, en afstaðan fer þó eftir útfærslu. Hreppsnefnd kallar eftir skýrari útfærslu á innheimtu veggjalda, s.s. er hugmyndin að innheimta veggjöld almennt innan vegakerfisins eða einungis fyrir nýtingu á nýjum samgöngumannvirkjum. Bláskógabyggð:

Sveitarstjórn hafnar ekki hugmyndum um veggjöld, en telur að í því samhengi verði að taka til skoðunar öll gjöld af umferð og bifreiðum og að jafnframt verði að gæta jafnræðis milli landsmanna, þannig að álögurnar lendi ekki að mestu leyti á íbúum á afmörkuðu landsvæði.

Flóahreppur:

Sveitarstjórn Flóahrepps er ekki hlynnt veggjöldum.

Grímsnes- og Grafningahreppur:

Sveitarstjórn hugnast ekki gjaldtaka á öllum stofnleiðum landsins heldur frekar gjaldtaka einstakra framkvæmda sbr. Hvalfjarðargöng.

Hrunamannahreppur:

Jákvæð.

Hveragerðisbær:

Bæjarstjórn er alfarið á móti innheimtu veggjalda nema jafnræðis sé gætt milli allra vegfarenda.

Mýrdalshreppur:

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps leggst ekki gegn áformum um veggjöld en leggur áherslu á að útfærsla þeirra verði kynnt og samráð haft við sveitarfélög.

Rangárþing eystra:

Vísað til sveitarstjórnar að svara þessum lið.

Rangárþing ytra:

Áður en tekin er afstaða til málsins þyrftu forsendur að liggja skýrar fyrir.

Skaftárhreppur:

Ef veggjöld geta flýtt framkvæmdum sem auka öryggi vegfarenda á þjóðvegi nr 1 þá gerir sveitarstjórn ekki athugasemd við veggjöld meðan þau eru sett á markvisst við stórar framkvæmdir þar sem völ er á hjáleið.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

Sveitarstjórn telur slíka gjalddöku varasama ef ekki kemur til breyting á öðrum gjöldum.

Sveitarfélagið Árborg:

Afstaða Árborgar liggur ekki fyrir þar sem endanleg útfærsla á álagningu veggjalda er ekki ljós.

Sveitarfélagið Hornafjörður:

Bæjarráð er hlynnt veggjöldum ef þau flýta framkvæmdum. Bæjarráð kallar þó fyrst eftir útfærslu á veggjaldaleiðinni og leggur áherslu á að gjöldin verði hógvær. Einnig er mikilvægt að gætt sé jafnræðis á milli landshluta í framkvæmdum fjármögnuðum með veggjöldum.

Sveitarfélagið Ölfus:

Bæjarráð telur með öllu ótímabært og í raun markleysa að móta sér afstöðu til veggjalda á meðan útfærsla slíkra gjaldheimtu liggur ekki fyrir.

Að því sögðu vill bæjarráð þó leggja þunga áherslu á að stóratök verði gert í samgöngumálum á landinu og þá ekki síst í vestasta hluta Suðurlands. Ber að horfa sérstaklega til tvöföldunar þrengslavegar og Suðurlandsvegar austur fyrir Selfoss.

Vestmannaeyjabær:

Vestmannaeyingar hafa í gegnum árin greitt veggjöld af „þjóðveginum“ milli lands og eyja. Bæjarráð telur veggjöld geta verið raunhæfan kost sem beri að skoða nánar. Með þeim er hægt að hraða uppbyggingu vegakerfisins og þannig betur tryggt öryggi vegfarenda. Mikilvægt er að endanleg útfærsla á álagningu veggjalda liggi fyrir sem fyrst svo hægt sé að taka afstöðu til útfærslunnar og veggjalda almennt í framhaldinu.

5. Hvaða sýn hefur sveitarstjórn á fyrirkomulag almenningssamgangna á Suðurlandi?

Ásahreppur:

Almennt er hreppsnefnd hlynnt almenningssamgöngum. Huga þarf að bættri þjónustu varðandi hvar farþegar geti verið öruggir um að komast í Strætó á þeim stöðum sem gert er ráð fyrir að farþegar komist um borð svo og tímatafla. Öryggismál s.s. hraðakstur og útskot þar sem ökutæki eiga að geta stöðvað. Þyrfti að samræma leiðarkerfið t.d. um möguleika nemenda frá Rangárvallasýslu að geta nýtt Strætó til Laugarvatns (menntaskólinn).

Bláskógabyggð:

Sveitarstjórn telur að skipulag almenningssamgangna sé betur fyrirkomið hjá sveitarfélögum en ríkinu, en tryggja verði viðunandi lagaumhverfi og framlög ríkisins til að sinna málaflokknum.

Flóahreppur:

Sveitarstjórn Flóahrepps telur að þörf sé á öflugum almenningssamgöngum á öllu Suðurlandi.

Grímsnes- og Grafningahreppur:

Sveitarstjórn sér fyrir sér að almenningssamgöngur landshlutans verði efldar enn frekar og rekstrarumhverfi þeirra sé tryggt.

Hrunamannahreppur:

Þjónusta samfélögin án fjárhagslegar aðkomu/ábyrgðar sveitarfélagana hvort sem reksturinn er hjá sveitarfélögunum eða ríki. Nauðsynlegt að huga að því að fargjöld séu ekki það dýr að þau hvetji fólk/unglinga frekar til að nýta einkabílinn heldur en almenningssamgöngur. Leiðarkerfið þarf að vera þannig að leiðir stemmi saman.

Hveragerðisbær:

Almenningssamgöngur eru nauðsynlegar og hvað varðar Hveragerði og vesturhluta Árnessýslu er mikilvægt að haldið sé því góða fyrirkomulagi sem hér hefur verið komið upp enda treysta fjölmargir á almenningssamgöngur til að komast til og frá höfuðborgarsvæðinu til vinnu. Gjaldtöku vegna almenningssamgangna verði haldið í lágmarki en hækkun fargjalda hefur verið langt umfram verðlagsþróun síðustu ár.

Mýrdalshreppur:

Lækka þarf verð í strætó og finna leiðir til þess að gera almenningssamgöngur að aðlaðandi kosti fyrir ungt fólk. E.t.v. þyrfti ákveðin hugarfarsbreyting að eiga sér stað til þess.

Rangárping eystra:

Endurskoða þarf rekstur og skipulag almenningssamgangna á Suðurlandi í heild Ríkið þarf að leggja til frekari fjármagn til verkefnisins til að gera almenningssamgöngur að raunhæfum valkosti með tíðari ferðum á lægra verði.

Rangárping ytra:

Mikilvægt að boðið sé upp á tryggar og öruggar almenningssamgöngur um Suðurland og mikilvægt að þær séu á hóflegu verði.

Skafthreppur:

Til að þjóna tilgangi sínum þurfa almenningssamgöngur að vera umhverfisvænar, tíðar, hagstæðar og ná til flugs, strætó og ferja.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

Fyrst þarf að taka ákvörðun um hvort almenningssamgöngur eigi yfir höfuð að vera starfræktar

Sveitarfélagið Árborg:

Ríkissjóður þarf að leggja mun meira fé í almenningssamgöngur svo auka megi tíðni ferða og bjóða ódýr fargjöld svo að almenningur fari að líta á þær sem raunhæfan valkost.

Sveitarfélagið Hornafjörður:

Að fyrst og fremst sé horft til þess að flugsamgöngur séu aðal samgönguleið almennings og að fargjöld hógvæð ólíkt rauninni í dag. Strætó ætti að vera hugsaður sem nærþjónusta, fyrst og fremst til að fólk í dreifðri byggð geti betur komist til þeirrar þjónustu sem er næst þeim. Ástæðulaust er að hugsa strætó sem samgöngur til höfuðborgarinnar og Hafnar ef það eru til staðar einkaaðilar sem sinna þess háttar akstri. Bæjarráð er hlynnt strætó sem almenningssamgöngum á Suðurlandi en flugið er lykilatriði fyrir Hornfirðinga.

Sveitarfélagið Ölfus:

Sveitarstjórn Ölfuss beinir því til hlutaðeiganda að tekinn verði upp beinn akstur milli Reykjavíkur og Þorlákshafnar og tryggt að ferðafjöldi og tímasetningar séu raunhæfur valkostur fyrir notendur þjónustunnar.

Þá telur sveitarstjórn Ölfuss það afar mikilvægt að beinar samgöngur séu einnig á milli Þorlákshafnar og Selfoss þannig að farþegar á þeirri leið þurfi ekki viðkomu í Hveragerði alla daga.

Vestmannaeyjabær:

Mikilvægt er að flug verði skilgreint sem hluti af almenningssamgöngukerfinu. Öflugt innanlandsflug er forsenda þess að bæta lífsskilyrði íbúa á landsbyggðinni. Nauðsynlegt er að til staðar séu öruggar og tíðar almenningssamgöngur á Suðurlandi með sanngjarnri og raunhæfri verðlagningu. Bættar almenningssamgöngur draga úr álagi á vegi, eru vistvænar og auka lífsgæði íbúa.

6. Annað sem sveitarstjórn vill koma á framfæri við samgöngunefnd SASS?

Ásahreppur:

Tryggja aðkomu samgöngunefndar að verkefni SASS um skipulag Suðurrhálendis, m.t.t. samgangna á því svæði.

Bláskógabyggð:

Umferð á vegum í Bláskógabyggð er mun meiri en fylgir búsetu og þjónustu sem henni tengist. Almennt verði tekið tillit til þess umferðarþunga sem fylgir mikilli sumarhúsabyggð og umferð ferðamanna að þeim fjölmörgu náttúruperlum sem eru innan sveitarfélagsins.

Varðandi endurbætur á þjóðvegum landsins almennt vill Bláskógabyggð benda á að æskilegt sé að endurbætur séu gerðar varanlegri með því að styrkja burðarlög með burðarhæfu efni, en ekki einungis gera við slitlagið sjálft. Til lengri tíma litið myndi þetta skila betri meðferð á almannafé, þar sem ekki þyrfti slífellt að vera að lagfæra slitlag vega.

Flóahreppur:

Huga þarf vel að merkingum, byggja upp vasa við alla afleggjara á fjölförnum vegum og gefa lögreglunni heimildir til þess að lækka hámarkshraða tímabundið þegar aðstæður eru þess eðlis, t.d. hálka, slæmt skyggni eða skammdegi.

Rangárping ytra:

Að stofnvegakerfið verði tekið til endurskoðunar og að Landvegur og Þykkvabæjarvegur verði gerðir að stofnvegum. Einnig leggur nefndin til að yfirvöld skoði hvort nýta megi svipaða aðferðafræði og gert var í "Ísland ljóstengt" verkefninu og reyndist vel til að flýta framkvæmdum og gera þær hagkvæmari.

Skaftárhreppur:

Ólafur Guðmundsson fékk það verkefni að gera úttekt á samgöngukerfi sveitarfélagsins þannig að þegar hún berst okkur í hendurnar þá munum við nýta hana í það að forgangsraða verkefnum og áherslum innan sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið Hornafjörður:

Auka við vetrarþjónustu vestan Víkur í Mýrdal og til Hornafjarðar. Brýnt að setja göng undir Lónsheiði til að leggja af hættulegan vegkafla undir Hvalnes- og Þvottárskriður og stytta vegalengdir.

Vestmannaeyjabær:


Mikilvægt er að SASS styðja framkomna tillögu til Alþingis til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni. Jafnframt er mikilvægt að áframhaldandi sameiginlegur þrýstingur verði á að hin svokallaða „skoska leið“ komi til framkvæmda.

g) Vegagerðin – fyrirhugaðar nýframkvæmdir og viðhaldsáætlun

Á fundi samgöngunefndar með Vegagerðinni fengust eftirfarandi upplýsingar um fyrirhugaðar vegaframkvæmdir á Suðurlandi, hvorutveggja nýframkvæmdir og viðhaldsáætlun. Framkvæmdirnar ná yfir 15 ára tímabil, 2019 - 2033.

Nýframkvæmdir – Suðursvæði 2019-2033


FAGMENNSKA
ÖRYGGI
FRAMSYNI



Vegagerðin, maí 2019 © Valtýr Þórisson

Nýframkvæmdir - Austursvæði

FAGMENNSKA
ÖRYGGI
FRAMSYNI



Vegagerðin, maí 2019 © Valtýr Þórisson

Tengivegir, bundið slitlag á Suðursvæði 2019-2023

FAGMENNSKA
ÖRYGGI
FRAMSYNI



Vegnr.	Ka.	Vegheiti	Kaflaheiti	Lengd	Kostn.	2019	2020	2021	2022	2023
42	02	Krýsuvíkurvegur	um Vatnsskarð	1.5	60	60				
206	01	Holtsvegur	Hunkubakki-Fjaðrárglj.v.	1.1	30					15
218	01	Dyrhólavegur	Dyrhólavegur-Viti	1.4	140					30
271	01	Árbæjarvegur	Frá slitlagsenda við Árbakka að Bjallavegi	3.5	106					106
302	01	Urriðafossvegur	Hringvegur-Urriðafoss	1.2	30				5	25
308	01	Hamarsvegur	Frá Gaulverjabæjarvegi	11	220			93	70	
310	01	Votmúlavegur	Ljónsstaðir-Lækjarmót	1.21	12		15			
340	01	Auðholtsvegur	Frá slitlagsenda að Langholtsvegi	1	25				25	
341	01	Langholtsvegur	Frá slitlagsenda að Auðholtsvegi	1.7	45					45
351	01	Búrfellsvegur	Milli slitlagsenda	4.3	130				121	
360	02	Grafningsvegur efri	Írafoss-Nesjavallav.	11(5.1)	440	136	134			
431	01	Hafravatnsvegur	Frá Nesjavallaleið	6	200		72	128		
Samtals						196	221	221	221	221

Vegagerðin, maí 2019 © Valtýr Þórisson

Svör sveitarfélaga á Suðurlandi 2019 miðað við samgönguáætlun 2019-2033

FAGMENNSKA
ÖRYGGI
FRAMSYNI



Sveitarfélag	Forgangsverkefni	Tímasetning samgönguáætlunar
Ásahreppur	Útskot við allar vegtengingar við Suðurlandsveg, þ.e. Við Þjórsártún, Krók, Hamrahól + 7 aðrir	Unnið er að lagfæringu á stöðum þar sem mörg slys hafa orðið og umhverfi vega bætt
	Lagfæringar á blindhæðum	
	Vegrið þar sem mikil hættu getur skapast. Brekka við Ásmundarstaði, brekka við Einholt, Kirkjubrekka á Kálfsboltsvegi	
Bláskógabyggð	Uppbygging á efsta hluta Skeiða- og Hrunamannavegar	2019-2020
	Einholtsvegur	Ekki á áætlun
	Færsla á Biskupstungnabraut við Geysi	2029-2033
Flóahreppur	Bundið slitlag á Hamarsveg	8 km 2021-2022
	Bundið slitlag á Súluholtsveg	Ekki á 5 ára áætlun
	Bundið slitlag á Urriðafossveg	1,2 km 2022-2023
Grímsnes- og Grafningshreppur	Færsla á gatnamótum við Kerið	Í undirbúningi, 2019-2020
	Uppbygging á Grafningsvegi efri	2018-2020
	Uppbygging á Búrfellsvegi	2022

Vegagerðin, maí 2019 © Valtýr Þórisson

Svör sveitarfélaga á Suðurlandi 2019 miðað við samgönguáætlun 2019-2033

FAGMENNSKA
ÖRYGGI
FRAMSÝNI



Sveitarfélag	Forgangsverkefni	Tímasetning samgönguáætlunar
Hrunamannahreppur	Nýtt hringtorg í miðbæ Flúða	2029-2033
	Breikka Stóru-Laxárbrú	2024-2028
Hveragerðisbær	Klára lagningu bundins slitlags á vegi í sveitarfélaginu, t.d. Langholtsveg	Langholtsvegur 2023 Auðholtsvegur 2020
	Klára breikkun Suðurlandsvegur milli Kamba og Biskupstungnabrautar	2019-2024
	Skilyrðislaust verður að setja í forgang færslu þjóðvegarsins neðan Hveragerðisbæjar	2021-2024
Mýrdalshreppur	Láglendisvegur með göngum í gegnum Reynisfjall	Fer í undirbúning 2020
	Ný tvöföld brú yfir Jökulsá	2020-2021
Rangárþing eystra	Ný veglög samhlíða gerð nýs Kötugarðs	Í undirbúningi
	Suðurlandsvegur verði gerður 2+2 í gegnum sveitarfélagið	Ekki búið að tímasetja
	Tvöföldun á brúnni yfir Jökulsá á Sólheimasandi	2020-2021
	Bæta umferðarmannvirki á Hvolsvelli með öryggi vegfarenda að leiðarljósi	Unnið við frumdrög / skipulag 2019

Vegagerðin, maí 2019 © Valtýr Þórisson

Svör sveitarfélaga á Suðurlandi 2019 miðað við samgönguáætlun 2019-2033

FAGMENNSKA
ÖRYGGI
FRAMSÝNI



Sveitarfélag	Forgangsverkefni	Tímasetning samgönguáætlunar
Rangárþing ytra	Bundið slitlag á 80 km af malartengivegum	Landvegur 2029-2033, hluti Hagabrautar 2029-2033 og Árbæjarvegur 2023
	Hringtenging í gegnum Þykkvabæ um Sandhólaferjuveg	Ekki á áætlun
	Heilsárs ferðamannavegur að Skjólkvíum við Heklu af Landvegi	Ekki á áætlun
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Breikkun vegar frá Sandlækjarholti að Árnosi	Viðhaldsverkefni
	Nýr vegur frá Ásum að Laxárdal	Ekki á áætlun
	Vegur að Búða og brúargerð yfir Þjórsá og aðkoma að Skeiðháholti	
Sveitarfélagið Árborg	Hringtorg og undirgöng á Eyrarvegi við Suðurhóla	Í undirbúningi – Framkv. 2021
	Ný brú yfir Ölfusá	2024-2028
	Umferðarmannvirki vegna þungaumferðar sunnan Selfoss. Tenging Hringvegur við Þorlákshöfn	Ekki á áætlun

Vegagerðin, maí 2019 © Valtýr Þórisson

Svör sveitarfélaga á Suðurlandi 2019 miðað við samgönguáætlun 2019-2033


FAGMENNSKA
ÖRYGGI
FRAMSÝNI



Sveitarfélag	Forgangsverkefni	Tímasetning samgönguáætlunar
Sveitarfélagið Hornafjörður	Vegstytting	2029-2033+
	Lón	2022-2028
	Hornafjörður	2029-2033
	Öræfi	2019-2020
	Framkvæmdir við grynnslin í innsiglingunni við Hornafjarðarhöfn	
	Útrýma einbreiðum brúm	Stórt verkefni og tekur tíma ☹ 37 einbreiðar brýr á Hringvegi árið 2018 <5 eftir árið 2033 ?
Sveitarfélagið Ölfus	Uppbygging hafnarinnar í Þorlákshöfn	Dýpkun í innsiglingu 2019 Endurbygging Svartaskersbryggju 2019-2021 Endurbygging Suðurvarargarðs 2023+
	Tvöföldun Þrengslavegar og Þorlákshafnarvegur	Ekki á áætlun
	Nýtt vegstæði Arnarbælisvegur	Ekki á áætlun
Vestmannaeyjabær	Ný Vestmannaeyjafjarja	2019
	Stórskipahöfn til að þjónusta flutningaskip	Ekki á 5 ára áætlun

Vegagerðin, maí 2019 © Valtýr Þórisson

Hringvegur, Fossálar-Hörðgsá, 2024-2028 - 740 m. kr.



Hringvegur, Breiðbalakvísl, 2024-2028 - 550 m. kr.



Vegagerðin, maí 2019 © Valtýr Þórisson

Hringvegur um Mýrdal - 5.300 m. kr. Fjármagnað í samstarfi við einkaaðila



Hringvegur um Gatnabrún, 2021 - 450 m. kr.




Vegagerðin, maí 2019 © Valtýr Þórisson

Hringvegur, Jökulsá á Sólheimasandi, 2020-2021 - 520 m. kr.




Hringvegur, Hella-Skeiðavegamót, 2029-2033 - 2.400 m. kr. Framhald 2033+




Vegagerðin, maí 2019 © Valtýr Þórisson

Hringvegur, Skeiðavegamót-Selfoss, 2024-2028 - 2.600 m. kr.




Hringvegur, brú á Ölfusá, 2024-2028 – 5.450 m. kr.



Vegagerðin, maí 2019 © Valtýr Þórisson

Hringvegur, Selfoss-Varmá, 2019-2022 – 4.350 m. kr.




Hringvegur, Varmá-Kambar, 2021-2028 – 2.500 m. kr.




Vegagerðin, maí 2019 © Valtýr Þórisson

Skeiða- og Hrunamannavegur, ný brú Stóru-Laxá, 2024-2028 - 500 m. kr.




Skeiða- og Hrunamannav, Einholtsv.-Biskupstungnabr. 2019-2020 – 285 m. kr.




Vegagerðin, maí 2019 © Valtýr Þórisson

Eyrarbakkavegur, Hringtorg og undirgöng við Suðurhóla, 2021, 200 m. kr.



Biskupstungnabraut um Geysissvæðið og Tungufljót, 2029-2033 – 1.000 m. kr.




Vegagerðin, maí 2019 © Valtýr Þórisson


Skaftártunguvegur um Eldvatn, 2019 - 150 m. kr. Verklok



Reykjavegur, Biskupstungnabraut-Laugarvatnsvegur, 2019-2020, 900 m. kr.



Vegagerðin, maí 2019 © Valtýr Þórisson




Vegagerðin, sept 2019 © Valtýr Þórisson

Nýframkvæmd sem sýnir veglínu í Lóni, 7 km stytting á Hringvegi 1 sem leysir af hólmi 5 einbreiðar brýr. Er á áætlun 2027-2033.



Vegagerðin, sept 2019 © Valtýr Þórisson

Nýframkvæmd sem sýnir nýja veglínu yfir Hornafjörð, 12 km stytting á Hringvegi 1 sem leysir af hólmi 3 einbreiðar brýr. Kostnaðaráætlun 4.500 m. kr. Er á áætlun 2022-2028. Umræddri framkvæmd gæti verið flýtt ef tekin verða upp veggjöld í samstarfi við einkaaðila.



Vegagerðin, sept 2019 © Valtýr Þórisson

Framkvæmdir við 6 einbreiðar brýr á Hringvegi 1 sem eru komnar í útboðsferli og verða leystar af hólmi á næstu árum.

Glærur Vegagerðar - umræða

Eins og þessi myndræna yfirferð Vegagerðarinnar sýnir þá eru mörg verkefni sem sveitarfélögin kalla eftir að verði sett í framkvæmd í áætlunum næstu 15 ár. Það er áhugavert að sjá áætlaðar kostnaðartölur á hverri framkvæmd. Þá má sjá að of lítið fjármagn er sett til þess að auka

vegöryggi, breikka vegaxlir og veghelgunarsvæði, setja rillur á miðlínur vegar leggja á tengivegi bundið slitlag. Eftir 15 ár verður ekki séð á áætlunum Vegagerðar, að allar einbreiðar brýr heyri sögunni til. Sömuleiðis eru margar framkvæmdir sem tengjast tengivegum til sveita ekki á áætlun Vegagerðar. Gera verður bragarbót á því.

Í samtalinu við forsvarsmenn Vegagerðarinnar þá deila þau í meginráttum áhyggjum sveitarstjórna og almennings á Suðurlandi að víða tekst varla að halda í horfinu með þeim fjármunum sem settir eru í viðhald á vegakerfinu. Það er samdóma álit að aukið fjármagn þarf til að bæta rekstur, viðhald og nauðsynlegar nýframkvæmdir á vegakerfinu á Suðurlandi.

h) Umræða um veggjöld

Á fundum Samgöngunefndar SASS var oft rætt um veggjöld, allt frá því hvort nefndin ætti að vera fylgjandi eða leggjast á móti þeim? Rætt var um hvort mismunandi framkvæmdir ættu að vera fjármagnaðar að fullu með veggjöldum, með aðkomu ríkisins að hluta? Nefndar voru stórar framkvæmdir á fjölförnum vegum í þessu samhengi, ný Ölfusárbrú, göng um Reynisfjall og nýr vegur um Hornafjörð. Nefndin ræddi á fundi með þingmönnum Suðurlands áhyggjur sveitarfélaganna af því að stefnumótun væri óskýr. Niðurstaða nefndarinnar er að skoða megi að fjármagna nýframkvæmdir með hóflegum veggjöldum að hluta eða öllu leyti. Útfæra þarf aðkomu ríkisins, hvort framkvæmdir verði að fullu greiddar með veggjöldum eða að hluta frá ríkissjóði.

i) Uppfærð samgönguáætlun SASS frá 2017

Nýframkvæmdir – Þjóðvegur 1, stofnbrautir og tengivegir

Nauðsynlegt er að auka umferðaröryggi og afkastagetu Suðurlandsvegar frá Reykjavík til Hafnar í Hornafirði. Markmið framkvæmda á leiðinni er að bæta umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur um Suðurlandsveg. Vegurinn er einn fjölfarnasti þjóðvegur landsins en sem dæmi þá fóru að meðaltali um 7.325 ökutæki á sólarhring um Hellisheiði og 1.065 ökutæki um Mýrdalssand árið 2016.

1 Suðurlandsvegur - Hringvegur

- Forgangsmál er að útrýma einbreiðum brúm.
- Ný brú á Ölfusá. Er á dagskrá skv. ósamþykktri samgönguáætlun.
- Breikkun Suðurlandsvegar milli Hveragerðis og Selfoss. Er á dagskrá skv. samgönguáætlun. Þessi vegur er einn hættulegasti vegakafli landsins. Inn á veginn tengist fjöldi hliðarvega sem skapar gríðarlega hættu.
- Lagfæra aðreinar og afreinar á mjög mörgum stöðum ekki bara á stofnvegum heldur tengivegum líka, til að auka umferðaröryggi.

- Láglandisvegur um Mýrdal. Gert er ráð fyrir nýjum láglandisvegi um Mýrdal á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Mikilvægt er að koma veginum í framkvæmd.
- Vegaxlir vantar nánast á alla vegi á Suðurlandi. Vegaxlir stórauka vegöryggi og tryggja hjólandi og gangandi umferð öruggara pláss.
- Koma þarf upp öruggum áningastöðum og vegútskotum og þeim verði valin staðsetning þar sem útsýni, umhverfi eða markverðir staðir sem teljast athyglisverðir. (Sjá skýrslu Vegagerðarinnar og Náttúrustofu Suðausturlands um vegútskot frá 2016)
- Göngubrú frá Gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs yfir Skaftá.
- Göngubrú á Ölfusá. Er ekki komin í samgönguáætlun.
- Framkvæmd á hringvegi milli Fossála og Höragsár. Sú framkvæmd er komin inn á 12 ára áætlun og er á aðalskipulagi Skaftárhrepps. Veglína þarna er mjög slæm, blindhæð og beygja við Dverghamra og vegurinn ansi nálægt húsum, auk þess að vera mjór og með lélegt burðarþol.
- Afar mikilvægt er að koma vinnu við nýjan veg um Hornafjarðarfljót í framkvæmd. Sú framkvæmd leysir af hólmi þrjár einbreiðar brýr og styttir hringveginn um 12 km.
- Styttir hringvegur í Örafum og í Lóni mun leysa af fjölda einbreiðra brúa og er því afar mikilvæg.
- Göng undir Lónsheiði munu stytta hringveg um 11 km og leysa af hólmi hættulegan og viðhaldsfrekan veg um Hvalnes- og Þvottárskriður.

Af öðrum einstökum stofn- og tengivegum á Suðurlandi sem falla undir nýframkvæmdir má nefna:

30 Skeiða- og Hrunamannavegur - Brúarhlöð norður að Biskupstungnabraut. Ljúka þarf að byggja þennan veg upp, það er einungis kaflinn frá Brúarhlöðum og að Biskupstungnabraut sem er eftir. - Breikka verður brú á Stóru-Laxá.

34 Eyrarbakkavegur - Hringtorg og undirgöng á mótum Eyrarbakkavegar/ Eyravegar/ Suðurhóla/Hagalækjar.

99 Hafnarvegur – Nýr þjóðvegur í þettbýli utan og austan við byggð, frá Dalbraut inn á Álaleiru/Bugðuleiru. Veglínin er í aðalskipulagi.

252 Landeyjarvegur - Ný tenging yfir á Oddaveg (266) með brú yfir Þverá.

310 Votmúlavegur - Færsla Votmúlavegar við bæina Austurkot og Votmúla.

318 Langholtsvegur - Hringtorg á gatnamótum Hrunamannavegar og Langholtsvegar á Flúðum.

329 Mástunguvegur – Nýtt vegstæði verði tekin verði til alvarlegrar skoðunar. Þessi vegur liggur að Laxárdal.

355 Reykjavegur - Reykjavegurinn kominn á samgönguáætlun og leggur sveitarstjórn Bláskógabyggðar mikla áherslu á að framkvæmdin fari í útboð í haust.

Viðhald vega

Í þessum kafla verður fjallað um viðhald vega á Suðurlandi og þær framkvæmdir sem brýnar eru á þeim.

35 Biskupstungnabraut - Mikilvægt er að viðhaldi á Biskupstungnabraut sé vel sinnt, gríðarleg umferð er um veginn og þar hafa orðið nokkur banaslys á síðustu misserum.

F35 Kjalvegur - Mikilvægt er að haldið verði áfram með styrkingu Kjalvegar enda er vegurinn Nölfarinn og umferð um hann alltaf að aukast.

37 Laugarvatnsvegur - Nauðsynlegt er að farið verði í að sinna viðhaldi, styrkingu og breikkun vegarins.

39 Þrengslavegur – Þrengslavegur er í heild sinni talinn mjór og með bröttum köntum sem er ákaflega óhentugt fyrir mikla umferð. Þá eru á honum flöskuhálsar sem bæði geta skapað hættu og óþægindi. Mjög mikilvægt er að útbúin verði klifurrein upp Skóghlíðarbrekku (Lyngbrekkur) sérstaklega fyrir vöruflutningabíla og bíla með tengivagna.

43 Suðurstrandarvegur - Það er mikilvægt með tilliti til atvinnustarfsemi og öryggissjónarmiða að Suðurstrandarvegi sé að lágmarki haldið opnum virka daga vikunnar og að hálkuvörnum sé sinnt á veginum.

201 Vallavegur – Setja þarf bundið slitlag á Vallaveg.

203 Geirlandsvegur - Setja þarf bundið slitlag á Geirlandsveg.

204 Meðallandsvegur – Ljúka þarf lagfæringum á vegi og leggja bundið slitlag á Meðallandsveg.

206 Holtsvegur - Setja þarf bundið slitlag á Holtsveg.

208 Skaftártunguvegur - Setja þarf bundið slitlag á Skadártunguveg.

208F Fjallabaksleið nyrðri - Uppbygging og viðhald.

209 Hrífunesvegur – Vegurinn er verulega illa farinn vegna mikils álags edir að brúin yfir Eldvatn eyðilagðist 2015. Setja þarf bundið slitlag á Hrífunesveg.

210F Fjallabaksleið syðri - Uppbygging og viðhald.

211-212 Álftaversvegur – Þarfnast mikils viðhalds og slitlags.

215 Reynisbara - Vegur allt of mjór og allir kantar brotnir og ónýtir.

218 Dyrhólaey - Vegur allt of mjór og allir kantar brotnir og ónýtir.

219 Péturseyjahringurinn - Hringvegurinn um Pétursey er enn ekki lagður bundnu slitlagi.

240 Stórhöfðavegur ofl. - Illa farnir vegir í Vestmannaeyjum þarf að bæta, t.d. Stórhöfðaveg.

250 Dímonarvegur – Ómalbikaður vegur sem þarf að leggja á bundið slitlag.

252 Landeyjavegur – Ómalbikaður vegur sem þarf að leggja á bundið slitlag.

261 Fljótshlíðarvegur – Ómalbikaður vegur sem þarf að leggja á bundið slitlag.

264 Rangárvallavegur – Ómalbikaður vegur sem þarf að leggja á bundið slitlag.

271 Árbæjarvegur – Ómalbikaður vegur sem þarf að leggja á bundið slitlag.

275 Ásvegur - Klára uppbyggingu milli Sandhólaferju og Háfs, meðfram Þjórsá.

286 Hagabraut – Ómalbikaður vegur sem þarf að leggja á bundið slitlag.

2549 Grímsstaðir – Ómalbikaður vegur sem þarf að leggja á bundið slitlag.

302 Urriðafossvegur - Vegur sem ekki hefur verið malbikaður ennþá og fær mikla umferð.

305 Gaulverjabæjarvegur - Slæmt ástand og mikið um hættuleg hvörf.

308 Hamarsvegur - Vegur sem ekki hefur verið malbikaður ennþá og fær mikla umferð.

311 Súluholtsvegur - Vegur sem ekki hefur verið malbikaður ennþá og fær mikla umferð.

321 Skeiðháholtsvegur - Uppbygging afleggjara að Skeiðaháholti 3. Í hann var komið fjármagn, en ekkert verið framkvæmt.

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru ónefndir aðrir vegir sem sem eru mjög efnislitlir og þarfnast ofaniburðar. Athygli er vakin á að engir vegir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi finnast á þeirri samgönguáætlun sem nú er í gildi. Sætir það undrun sveitarstjórnar og annarra íbúa sveitarfélagsins.

324 Vorsabæjarvegur – Uppbygging Vorsabæjarvegur.

326 Hælsvegur – Uppbygging vegar að Háholti.

327 Stangarvegur – Uppbygging Stangarvegur.

328 Stóra-Núpsvegur – Uppbygging Stóra-Núpsvegur.

340 Auðsholtsvegur - Uppbygging Auðsholtsvegur.

341 Langholtsvegur - Klára þarf lagningu bundins slitlags á Langholtsveg í Hrunamannahreppi.

344 Hrunavegur - Uppbygging Hrunavegar upp að Hruna og síðan tenging við Hrunamannaveg í Kirkjuskarði.

358 Einholtsvegur (Eystri-Tunga) - Lögð er áhersla á úrbætur á veginum um Eystri-Tungu.


360 Grafningsvegur efri - Setja bundið slitlag frá Úlfljótuvatni að Nesjavöllum.

375 Arnabælisvegur – Lögð er áhersla á úrbætur á Arnabælisvegi.


379 Þorlákshafnarvegur - Vegurinn þarfnast endurbóta. Eyrarbyggavegur frá Þorláks- hafnarvegi að Óseyrarbrú er í verulega slæmu ástandi, vegurinn er siginn, holóttur og hættulegur. Yfirborð Óseyrarbrúar þarfnast endurbóta.

417 Bláfjallavegur - Vegur norðan Hlíðarvatns í Selvogi – gamli Krísuvíkurvegur. Mikilvægt er að hugað verði að lágmarksviðhaldi á veginum vegna sögulegu staðreynda.


Vegir á Suðurlandi - Kort



Mynd 3 sýnir vegi á Suðurlandsundirlendi að Skógasandi, auk fjallvega á vestursvæði Suðurlands.



Mynd 4 Myndin sýnir vegi frá Skógasandi að Skeiðarársandi auk fjallvega á miðsvæði Suðurlands.



Mynd 5 Myndin sýnir vegi frá Skeiðarársandi að Hvalnesskriðum, auk fjallvega.



Mynd 6 Myndin sýnir vegi og flugvöll í Vestmannaeyjum.

Öryggi á vegum

Ítrekað er mikilvægi þess að áform sem fyrirhuguð eru varðandi úrbætur á þjóðvegakerfinu gangi eftir. Fjármunir til viðhalds á vegakerfi Suðurlands eru langt undir því sem nauðsynlegir eru til að tryggja umferðaröryggi. Árleg umferðaraukning á þjóðvegum á Suðurlandi er um 20 - 30% ár eftir ár. Þessari umferðaaukningu hefur ekki verið fylgt eftir með nauðsynlegum öryggisráðstöfunum, s.s. breikkunar vega, vegaxla, aðreina, fráreina, útskota o.fl. Í ljósi þess er lögð rík áhersla á að úrbætur í öryggismálum vega verði settar í forgang.

Bæta þarf allar merkingar á og við vegi, hvort sem er yfirborðsmerkingar eða almennar merkingar, vara við hættusvæðum með ljósum og tryggja aðskildar akstursstefnur á fjölförnustu vegum Suðurlands. Tryggja þarf nægjanlegt fjármagn til vetrarþjónustu þannig að umferðaröryggi verði tryggt.

Leggja þarf áherslu á að sem fyrst verði gengið frá áætlun um að koma upp merktum útskotum og áningarstöðum sem mæta þörfum ferðamanna á þjóðvegum landsins. Vegaxlir vantar nánast á öllum vegum á Suðurlandi. Vegaxlir stórauka vegöryggi og tryggja hjólandi og gangandi umferð öruggara pláss.

Færa þarf þjóðveg 1 á Suðurlandi í heild sinni upp um þjónustuflokk vegna snjómoksturs. Stór hluti svæðisins fellur í þjónustuflokk 3, t.a.m. frá Mýrdalssandi og austur fyrir Höfn. Það er með öllu óásættanlegt.

Í gegnum Hvolsvöll verður að ná hraða niður með hringtorgum vestan og austan við byggðina.

Fjarskipti á Suðurlandi

Ljósleiðari

Tryggja þarf að landstór sveitarfélög hafi jafna möguleika til að byggja upp ljósleiðarakerfi. Slíkt er ekki mögulegt miðað við núverandi úthlutunarreglur Ísland ljóstengt. Ljóst er að fjárhagsleg geta sveitarfélaga til að standa undir miklum kostnaði vegna háhraðauppbyggingar eru misjafnar. Eins eru fámenn en landstór sveitarfélög verr sett. Háhraðatengingar eru forsenda byggðar og atvinnu í dreifðari byggðum.

GSM-samband

Undanfarin ár hefur verið unnið nokkuð í því að bæta GSM sambandið á þjóðvegi 1. Enn vantar nokkuð upp á að það sé í viðunandi lagi þar sem margir “dauðir” punktar finnast. Einnig snúast áhyggjur Sunnlendinga að GSM sambandinu utan þjóðvegarsins. Sunnlendingar búa við mikla

eldgosavá. Það eina sem er öruggt í því er að með hverjum deginum sem líður færumst við nær næsta gosi.

Almannavarnarnefndir á Suðurlandi hafa unnið að endurskipulagningu á viðbragðsáætlunum til að takast á við þessa vá. Fyrir 10 árum síðan miðuðust áætlanir við það að koma öllum íbúum í öruggt skjól við slíkar hamfarir. Sem dæmi þá var talað um 500 manns á Kötlu-svæðinu. Nú er staðan allt önnur. Á Kötlu-svæðinu dvelja á hverjum sólarhring mörg þúsund manns. Vonandi vita flestir heimamenn hvernig bregðast skal við, en heimamenn treysta á samband í gegnum GSM til að koma skilaboðum til þeirra sem eru á ferðinni og því þarf það að vera öruggt að hægt sé að ná til þeirra.

Hafnir á Suðurlandi

Í þessum kafla verður fjallað um viðhald og uppbygginu hafna á Suðurlandi og þær framkvæmdir sem brýnar eru. Nefndin telur allar hafnirnar mikilvægar og setur ekki eina framkvæmd frammar annarri.

Höfn í Hornafirði

Grynnslin fyrir utan Hornafjörð takmarka þróun útgerðar á Höfn, höfuðatvinnugreinar staðarins vegna þess að skip taka ítrekað niðri þegar þau fara yfir þau auk þess að innsiglingin á til með að lokast fyrir stærstu skipin yfir vetrartímann. Þetta hefur í för með sér tekjumissi fyrir höfnina og samfélagið, þar sem aflanum er þá landað annars staðar. Nauðsynlegt er að byggja varnargarða eða sandfang út í Einholt skletta sem fyrst.

Landeyjahöfn

Landeyjahöfn var opnuð sumarið 2008 og var mikil samgöngubót milli lands og Vestmannaeyja. En því miður hefur höfnin ekki alltaf virkað sem skyldi þar sem erfitt hefur reynst að ráða við náttúruöflin og höfnin lokast reglulega yfir vetrarmánuðina. Því er nauðsynlegt að ráðast í úttekt á hafnarmannvirkjunum með það fyrir augum að gera höfnina þannig úr garði að hún geti sinnt hlutverki sínu allan ársins hring. Slík úttekt þarf að vera framkvæmd af óháðum aðilum sem ekki hafa áður haft beina aðkomu að hönnun eða framkvæmdum við hafnarmannvirkin.

Nýr Herjólfur kom til heimahafnar í Vestmannaeyjum í júní 2019. Hið nýja skip ristir grynna en Herjólfur III og er sérstaklega hannað til siglinga til Landeyjahafnar. Þrátt fyrir það er gríðarlega mikilvægt að ekki verði slakað á í dýpkun Landeyjahafnar þó skipið risti grynna. Öldubrot verður á ákveðnu dýpi og það náttúrulögmál breytist ekki við tilkomu nýs grunnristara skips.

Því má bæta við, að í ljósi mikillar aukningar farþega sem fara um höfnina, þarf nauðsynlega að stækka móttökuhús fyrir farþega.

Vestmannaeyjar

Vestmannaeyjar er eitt öflugasta sjávarútvegssveitarfélag landsins og er útflutningur sjávarafurðum þaðan gríðarlega mikilvægur þjóðarbúskapnum. Á sama tíma og fraktskip fara stækkandi ræður höfnin í Vestmannaeyjum illa við móttöku stærri skipa. Þar af leiðir að mikilvægt er að stórefla hafnaraðstöðu í Vestmannaeyjum með því að koma upp hafnarkanti norðan við Eyðið til útskipunar sjávarafurða og móttöku aukins fjölda ferðamanna á skemmtiferðaskipum.

Þorlákshöfn

Þorlákshöfn hefur fest sig í sessi sem öflug útflutningshöfn með reglulegri komu fraktskipa Mykiness. Mikilvægt er að halda endurbótaverkefni áfram svo höfnin geti sinnt þeirri þjónustu sem hún veitir í dag. Að auki þarf að huga að stækkun hafnarinnar þannig að hún geti tekið á móti auknum verkefnum í fraktflutningum.

Bent hefur verið á að hafnirnar á Suðurlandi ættu að bjóða sameiginlega út dýpkunarframkvæmdir þar sem að sandburður hindrar umferð. Þegar umfangið er orðið þetta mikið þá gæti verið komin grundvöllur til þess að skoða hvort sameiginlegt útboð myndi skila sér í að stærra og öflugara skip yrði fengið til verksins, með meiri afkastagetu.

Heimildir

Anna V. Sigurðardóttir og Laufey Guðmundsdóttir. 2018. *Áfangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi*. Markaðsstofa Suðurlands. Sótt af:
<https://www.south.is/static/files/DMP/afangastadaaaetlun-dmp-sudurland-12.11.2018.pdf>

Lögreglan á Suðurlandi. 2019. Óbirtar glærur júní 2019 frá Kjartani Þorkelssyni Lögreglustjóra á Suðurlandi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. 2019. *Ferðumst saman - Stefna ríkisins í almenningssamgöngum*. Sótt af: <https://www.samband.is/media/samgongumal/Ferdumst-saman-Stefna-rikisins-i-almenningsamgongum.pdf>

Samgöngunefnd SASS. 2017. *Samgönguáætlun SASS 2017-2026*. Sótt á vef:
<http://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2017/10/Samgongaaetlun-SASS-2017-2026-okt.pdf>

SASS. 2019. *Óbirtar upplýsingar - Samantekt á svörum sveitarfélaga við spurningum samgöngunefndar 2019 - apríl 2019*. Unnið af Samgöngunefnd SASS.

Vegagerðin. 2019. Óbirtar glærur og myndir frá Valtý Þórissyni á fundi Samgöngunefndar í maí 2019 - Forstöðumaður áætlana hjá Vegagerðinni. Með viðbót frá sept 2019.

Þorvarður Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir. 2019. *Nýr veruleiki í mótun? - Félagsleg þolmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu*. Háskóli Íslands - Rannsóknasetur á Hornafirði. Sótt af: http://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2019/06/SASS_NyrVeruleiki_Lokaskýrsla.pdf?fbclid=IwAR1uJVqY5E86vpoBT7IZTWkSs-u5fZvkMBu48wRoRAy9qnteoDVnw4nudTY-

Forsíðumynd tók Halldór Benedikt Halldórsson, 2019.



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA